



Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

12. tbl. Desember 2000

*Samtök iðnaðarins óska lesendum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*

Verðlaunasjóður iðnaðarins:

Ábendingar óskast um verðuga verðlaunahafa

Stjórn Verðlaunasjóðs iðnaðarins leitar ábendinga frá félagsmönnum Samtaka iðnaðarins um verðlaunabega sjóðsins árið 2001. Verðlaunin verða afhent á Iðnþingi 16. mars nk. en þau eru alla jafna veitt annað hvert ár.

Árið 1999 hlaut Helgi Kristbjarnarson, læknir og framkvæmdastjóri Flögu hf., verðlaunin sem voru, auk veglegrar fjárhæðar, skinnbundið verðlaunaskjal og stytta úr íslensku grágrýti og rafhúðuðu áli af „hjóli atvinnulífsins.“

Verðlaunasjóður iðnaðarins var upphaflega stofnaður af Kristjáni Friðrikssyni í Últíma og fjölskyldu árið 1976 en starfar nú samkvæmt nýrri stofnskrá frá árinu 1996 í samstarfi við Samtök iðnaðarins. Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og jafnframt vekja athygli á þeim afrekum sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.

Ekki er tekið við umsóknum um verðlaun úr sjóðnum en sjóðsstjórn getur leitað eftir ábendingum eins og nú er gert. Verðlaunin má veita fyrir uppfinningu, happadrijúga forystu í iðnaði, sérlega vel gerða iðnaðarframleiðslu og hönnun.

Félagsmenn SI eru hvattir til að koma ábendingum um verðuga verðlaunahafa til Davíðs Lúdvíkssonar, hjá Samtökum iðnaðarins, í síma 511-5555 eða með tölvu-pósti á netfangið david@si.is fyrir 10. janúar nk.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og val á verðlaunahafa eru birtar á vef Samtaka iðnaðarins; www.si.is.

500 framsæknu í Evrópu árið 2000:

Er þitt fyrirtæki í sókn?

Samtök iðnaðarins, iðnaðarráðuneytið og European Unlimited & Growth Plus, leita á ný að íslenskum fyrirtækjum inn á Europe's 500 listann fyrir árið 2000. Sjá baksíðu.



Samkeppnishæf starfsskilyrði

Við, sem komin erum til vits og ára, höfum á síðustu sjö árum upplifað lengsta hagvaxtarskeið í sögu íslenska lýðveldisins. Miklar framfarir undanfarin ár má margar hverjar ótvírætt rekja beint eða óbeint til EES samningsins. En erum við komin í einhverja friðarhöfn þar sem við höfum tryggt okkur sess meðal þeirra þjóða sem búa þegnum sínum bestu lífsskilyrði sem völ er á? Við viljum og ætlum okkur að vera í hópi 10 - 20 þeirra bestu. Erum við þar og verðum við þar? Í stað þess að hælást um yfir þeim árangri, sem náðst hefur að undanfögnu, ættum við að einhenda okkur í það verkefni að gera enn betur og laga það sem betur má fara í starfsumhverfi okkar.

ÖNNUR LÖGMÁL HÉR

Efnahagsvandi okkar er sem fyrr heimatilbúinn. Að hluta til má rekja hann til þeirrar rötgrónu trúar okkar að almenn efnahagslögmál gildi ekki á Íslandi. Við trúum því sem sé að okkur henti ekki að hafa sömu leikreglur og aðrar þjóðir. Við höldum að við getum hækkað laun ár eftir ár umfram framleiðniaukningu. Við teljum okkur trú um að við getum falið verðbólgu með endalausum vaxta- og gengishækkun-

um. Við höldum að við getum haft gott og vel menntað vinnuafl án þess að verja jafnmiklu fé og aðrar þjóðir til menntamála. Við höldum að við getum greitt helmingi hærri vexti en keppnautar okkar á frjálsum markaði án þess að verða undir í samkeppninni. Við segjumst vilja draga úr þenslu og trúum því að það sé samt í góðu lagi að hækka fjárlögin um 13% á milli ára. „Flýtur meðan ekki sekkur,“ gæti verið okkar kjörorð.

EKKI SAMKEPPNISHÆFT?

Í ágætu erindi, sem Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar hf., flutti á fundi um stöðu og horfur í iðnaði nýlega spurði hann þessarar grundvallarspurningar: „Er Ísland samkeppnishæft við Evrópusambandslönd?“ Svar hans var því miður NEI og hann rökstuddi þessa niðurstöðu sína.

Kostir á borð við ódýrt og sveigjanlegt vinnuafl, nálægð við náttúruauðlindir, hátt menntunarstig þjóðarinnar, lítill skrifinniska og lítill umhverfiskostnaður megna ekki, að hans mati, að vega á móti ókostunum. Sumir ókostirnir eins og lítill heimamarkaður og fjarlægð frá mörkuðum eru gamalkunnir. Aðrir veikleikar í samkeppnistöðu okkar eru þeim mun verri: Gengissveiflur íslensku krónunnar og háir vextir sem fyrirtæki og almenningur hér á landi þurfa að greiða umfram nágrannana. Sveiflukennt umhverfi og fákeppni í flutningum og á fjármagnsmarkaði vega þar þyngst en að auki bitnar það á fyrirtækjum í fiskiðnaði að hafa ekki tollfrjálsan aðgang að Evrópumarkaði.

Á sama fundi ræddi Hörður Arnarson, forstjóri Marel hf., um forsendur vaxtarmöguleika íslenskra fyrirtækja. Hann talaði um skort á menntuðu vinnuafl á næstu árum, verðbólgu, gengishækkun krónunnar og síðan gengissveiflur og síðast en ekki síst vaxtaokrið.

VERÐUM AÐ BREGÐAST VIÐ

Við eigum að hlusta á það sem menn á borð við Hörð og Ágúst eru að segja. Þeir eru báðir með rekstur erlendis og hafa þess vegna þá yfirsýn og þann samanburð sem þarf. Ef á okkur hallar hvað varðar starfsskilyrðin hér heima er algerlega opin leið fyrir þeirra fyrirtæki og fjölmörg önnur að flytja starfsemina smám saman úr landi.

Í opinni og óheftri samkeppni verður að bregðast fljótt við. Gallinn er hins vegar sá að alþjóðavæðing, einkavæðing, og samkeppnisvæðing Íslands byrjaði allt of seint og gengur allt of hægt. Það er tvímælalaust okkar efnahagslegi Akkilesarhæll. Við höldum í tolla og höft 20-30 árum lengur en aðrar Evrópuþjóðir. Við vorum í hópi Afríkurlanda hvað varðar bann við erlendri fjárfestingu og fjármagnsflutningum. Það tók okkur nærri 20 ár að hverfa frá söluskatti í virðisaukaskatt og þannig mætti endalaust telja. Okkur hefur nákvæmlega ekkert miðað í Evrópuumræðunni undanfarinn áratug. Úrbætur í starfsskilyrðum hafa flestar komið fyrir þrýsting að utan fremur en frumkvæði íslenskra stjórnvalda.

HVAÐ ER Í ÓLAGI?

Við þurfum að horfast í augu við það að á nokkrum sviðum erum við í hópi vanþróaðra þjóða. The Global Competitiveness Report 2000, sem kom út í september sl., staðfestir ótvírætt þetta stöðumat. Hvað varðar hagvaxtarmöguleika framtíðarinnar erum við í 24. sæti og á niðurlieð. Í þessum alþjóðlega samanburði fáum við algera falleinkunn á sviði fjármála og alþjóðavæðingar. Við erum klárlega með falleinkunn hvað varðar stöðugleika gengis. Gengisskráning er óvída talin jafn óhagstæð útflutningi og hér. Vaxtamanur inn- og útlána er með því mesta sem þekkist og þjóðhagslegur sparnaður háskalega lítill og fer minnkandi. Við verðum að horfast í auga við þessa stöðu og reyna að bregðast við henni í stað þess að láta sem ekkert sé.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
12. tbl. Desember 2000
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 14.12. 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri og málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir
Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

„Eitt í dag og annað á morgun“

Geðþóttatúlkun á byggingareglugerð

Allur gangur virðist vera á því hvernig byggingafulltrúar túlka ákvæði í byggingareglugerð eftir því hvort hús eru staðbyggð eða að hluta til smíðuð inni á verkstæðum. Um-
rædd reglugerðará-

kvæði eru gömul og varða hvort eininga- og stálgrindahús uppfylla gæðakröfur í gildandi reglugerð. Á þessum tíma hefur reglugerðinni margsinnis verið breytt og nú er svo komið að fagmenn, sem þurfa að vinna í samræmi við hana, telja nánast ekki hægt að framfylgja ákvæðum hennar enda er túlkun hennar með ýmsum hætti. Þetta á einkum við um greinar nr. 120 og 121 sem fjalla um vottun byggingarefna og byggingarhluta.

ÓVIÐUNANDI ÁSTAND

Einn þeirra fagmanna, sem telur þetta ástand óviðunandi er Óskar G. Jónsson en hann er framkvæmdastjóri S.G. Húsa á Selfossi. Hann heldur því fram að fyrirtækjum sé mismunað hvað vottun áhrærir eftir því hvort hús eru að hluta forunnin á verkstæði eða staðbyggð. Hann segir að hverjum byggingafulltrúa virðist vera í sjálfsvald sett hvort krafist sé vottunar eða ekki. „Stundum hefur ekki verið krafist vottunar fyrr en hús er orðið fokhelt eða þegar leitað hefur verið til byggingafulltrúa um útgáfu fokheldisvott-



orðs til að hægt sé að fá lán frá íbúðarsjóði út á húsið,” segir Óskar. „Svo að dæmi sé tekið,” segir hann, „áttu S.G. Hús tvö fullsmíðuð sumarhús þegar keypt voru fjögur vegna snjóflóðanna í Súðavík. Þá var öllum þeim þeim, sem seldu hús til Súðavíkur, gert að votta sín hús hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins með gífurlegum tilkostnaði eða svo skipti hundruðum þúsunda. Sá kostnaður reyndist mörgum framleiðendum þungur í skauti.”

Óskar nefnir fleiri forvitnileg dæmi. „Á þessu ári krefur byggingafulltrúinn á Álftanesi okkur um vottun á tveimur húsum sem við seldum þangað en í fyrra var ekki krafist vottunar á húsum sem við seldum þangað.” Svipaða sögu er að segja úr Mosfellssveit. „Byggingafulltrúinn þar krefur okkur um vottun í ár en ekki í fyrra. Í Kópavogi byggðum við a.m.k. fjögur hús ’98 og ’99 og þurftum ekki vottun. Í ár fæst ekki einu sinni graftarleyfi fyrr en hús hefur fengið vottun Rb. Byggingafulltrúinn í Reykjavík krefur okkur einnig um vottun en í Hafnarfirði er ekki krafist vottunar.”

MISMUNUN?

Óskar heldur því fram að fyrirtækjum sé mismunað eftir því hvort hús eru að hluta til forunnin á verkstæði eða staðbyggð. „Okkur hefur lengi þótt sem við sitjum ekki við sama borð og aðrir

byggingaverktakar á Íslandi þar sem gerðar eru miklu meiri kröfur til verkfræðinga og arkitekta okkar en þegar um staðbyggð hús er að ræða.“ Óskar segir að því fylgi gífurlegur kostnaður að fá hús vottað hjá Rb og fullyrðir að þessar vottanir gangi af atvinnugreinni dauðri.

MÆLIRINN FULLUR

„Það sem nú fyllir mælinn er nýlegt útboð Framkvæmdasýslu ríkisins á íbúðarhúsum vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi,” segir Óskar. „Í tilboði okkar vekjum við sérstaka athygli á þessu misræmi minnugir reynslunnar frá Súðavík en nú ber svo við að ekki er krafist vottunar. Við spyrjum: Hvað hefur breyst? Geta þeir, sem ráða ferðinni hverju sinni, haft okkur að leik-soppi? Eitt í dag og annað á morgun. Hvers vegna var ekki krafist vottunar á þessum húsum?“ Spyr sá sem ekki veit!

Þóra Kristín Jónsdóttir

Eflun íslenskt

fm 94.3
Saga
Útvarp

Starfsmenntun ófaglærðra hleypt af stokkunum

Starfsafl og Landsmennt, starfsmenntasjóðir ófaglærðra, eru að hefja störf. Til þessa verkefnis eru tæplega 90 m. kr. til ráðstöfunar árlega næstu þrjú ár. Mikilvægt er að stjórnendur nýti þetta tækifæri fyrir tækjum sínum til framdráttar.

Síðastliðið vor sömdu Samtök atvinnulífsins við Flóabandalagið og VMSÍ um stofnun sérstakrar starfsemi sem ætlað er að byggja upp menntun ófaglærðra, starfsfólkinu og fyrirtækjum þess til hagsbóta. Stofnað hefur verið til þrenns konar samstarfs í þessu skyni: 1) Starfsafl (Starfsmennt SA og Flóabandalagsins), 2) Landsmennt og 3) Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks. Starfsemi Starfsafls og Landsmenntar kemur við þeim fyrirtækjum í iðnaði sem reiða sig á vinnu ófaglærðra. Fyrirtækjum, t.d. í byggingariðnaði, málmíðnaði, matvælaíðnaði, plast- og umbúðaiðnaði, stendur til boða að sækja um styrki til þessara sjóða til starfsemi sem hefur að markmiði að mennta og þjálfa ófaglærðra. Til ráðstöfunar í þessu skyni eru hátt í 90 m. kr. á ári næstu þrjú árin. Um þrjár fjórðungar

fjárins koma úr Atvinnuleysistryggingasjóði, þ.e. úr sjóði sem fyrirtækin greiða til en fjórðungur er greiddur af stéttarfélagunum.

Fulltrúar atvinnurekenda í samninganefnd og í stjórnnum sjóðanna hafa lagt áherslu á náð samstarf þeirra. Sjóðirnir byggja starfsemi sína hvor á sinni reglugerð, sem eru eins í höfuðdráttum, markmið þeirra er keimlíkt og óskir viðskiptavina sams konar. Það eina sem skilur sjóðina að er að þjónustusvæði Starfsafls er suðvesturhornið en Landsmennt þjónar starfsfólki og fyrirtækjum á landsbyggðinni.

HLUTVERK SJÓÐANNA

Hlutverk sjóðanna er að sinna stuðningsverkefnum, þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun verkafólks og stuðla þannig að hæfara starfsfólki sem síðan skilar sér í bættri samkeppnisstöðu. Í reglugerð Starfsafls og Landsmenntar stendur þetta um áhersluatriði í starfsemi þeirra:

- Hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun.
- Leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfs-

menntun. Þannig verði stuðlað að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi fyrir ófaglærða starfsmenn.

- Kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks.
- Leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu.
- Styrkja nýjungar í námsefnisgerð og endurskoðun námsefnis.
- Styrkja rekstur námskeiða.
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar.

FYRSTU VERKEFNI

Þegar þetta er ritað liggja fyrir nokkrar umsóknir um styrki til beggja sjóðanna, bæði frá einstaklingum og samstarfsaðilum um menntamál. Að auki er hafin tiltekin þróunarvinna fyrirtækja og starfsfólks um menntun ófaglærðra og verður leitað stuðnings hjá Starfsafl og Landsmennt um framkvæmd hennar.

STARFS AFL HEFUR HAFIÐ STÖRF

Marianna Traustadóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri Starfsafls sem er til húsa að Sæbraut 1, (s.: 510 7543). Landsmennt ræður til sín starfsmann innan tíðar.

Formaður Starfsafls er Ingi Bogi Bogason, menntafultrúi SI, (s.: 511 5555/696 7055/ingi.bogi@si.is) en formaður Landsmenntar er Ágúst H. Elíasson, framkvstj. Samtaka fiskvinnslunnar, (s.: 562 3155/ahe@sf.is).

Ástæða er til að hvetja einstök fyrirtæki til að leita upplýsinga hjá verkefnastjórum eða formönnum Starfsafls og Landsmenntar um þau tækifæri sem þeim bjóðast í menntun ófaglærðra.

Ingi Bogi Bogason



Jólaskeið Hönnunar- verðlaun

Eva Arnfríður Aradóttir, nemandi í Korpuskóla í Reykjavík, vann nýlega samkeppni um hönnun á jólasveini, Bjúgnakræki, sem prýðir jólasveinaskeið Gull-og silfursmiðjunnar Ernu árið 2000.



Árlega er haldin samkeppni um hugmyndir að skreytingu skeiðarinnar meðal 11 - 12 ára nemenda í Reykjavík. Þetta er í sjötta sinn sem hugmynd grunnskólanemanda er notuð en jólasveinaskeiðarnar eru nú orðnar níu talsins. Eva Arnfríður fær í verðlaun skeiðina og tíu þúsund krónur sem afhentar voru í Korpuskóla nýlega.

CIAA Food Congress



Ráðstefna matvælaframleiðenda í Evrópu

Samtök matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda í Evrópu, CIAA, efndu nýlega til ráðstefnu sem bar yfirskriftina: „A confident consumer“ eða „öruggur neytandi.“

Þar var matvælaöryggi rætt út frá öllum sjónarhornum og reynt að varpa ljósi á hvernig matvælaöryggi snýr að neytendum. Um 350 manns sóttu ráðstefnuna sem er til marks um það að þetta málefni er ofarlega á baugi víðar en á Íslandi. Það er svo sem ekki að undra þótt áhugi manna beinist að öryggi matvæla þar sem hvert matvælafárið hefur rekið annað á meginlandi Evrópu. Á ráðstefnunni töluðu bæði háttsettir embættismenn frá Evrópusambandinu, samtökum neytenda í Evrópu, eftirlitsstofnunum, framleiðendum og verslun.

MATVÆLASTOFNUN EVRÓPU

Greint var frá áformum Evrópusambandsins um að koma á laggirnar Matvælastofnun Evrópu (European Food Authority). Stofnunin fær ekki lög-gjafar- eða framkvæmdavald heldur verður hún ráðgefandi sérfræðistofnun sem á að vera óháð framkvæmdastjórn ESB. Sett verður upp net matvælastofnana í aðildarríkjum ESB kringum stofnunina og líklegt er talið að yfir hana verði sett stjórn skipuð forstjórum matvælastofnana aðildarríkjanna. Það verða að sjálfsögðu eingöngu fullgildir aðilar að Evrópusambandinu sem munu eiga fulltrúa í stjórninni svo að við Íslendingar verðum enn sem fyrr utangátta.

ER FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA RÉTT M.T.T. ÖRYGGIS

Yfirmaður matvælaeftirlitsstofnunar í Þýskalandi gerði að umræðuefni hve mismikil áhersla er lögð á öryggi eftir því um hvaða þætti er að ræða. T.d. leggja flestar Evrópuþjóðir töluverða áherslu á að fylgjast með aðskotaefnum í matvælum.

Í Þýskalandi einu greinist árlega um ein milljón tilfella af matarsýkingum af völdum örvera og nokkur þeirra til-

fella leiða til dauða. Þrátt fyrir þetta er ekki mikið lagt í örverurannsóknir. Hann taldi ástæðuna vera þá að ríkjandi væri mikil hræðsla við efnamengun (chemophobia) og varpaði fram þeirri spurningu hvort forgangsröðunin væri rétt.

ÁHÆTTUGREINING KALLAR Á UPPLÝSINGAR UM NEYSLU

Mikið var rætt um „risk analysis“ sem á íslensku hefur verið kallað áhættugreining skiptist í þrjú þrep, mat á áhættu, stjórnun áhættu og kynningu á áhættu. Til þess að hægt sé að meta áhættu er mjög mikilvægt að hafa haldgóðar upplýsingar um neyslu fólks til að byggja á. Þessar upplýsingar eru ekki til á Íslandi. Síðasta almenna könnun á mataræði Íslendinga var gerð fyrir meira en 10 árum. Nið-

urstöður hennar voru mjög ítarlegar og afar kærkomnar á sínum tíma en með örum breytingum í hraða nútímaþjóðfélags eru þær nú orðnar úreltar. Manneldisráð Íslands hefur árum saman barist fyrir því að fá fjármagn til að gera nýja könnun á mataræði en án árangurs. Þetta er íslenskum stjórnvöldum mjög til skammar og útilokar Íslendinga frá alþjóðasamstarfi á þessu sviði.

Nánari upplýsingar um efni ráðstefnunnar og áhersluatriði samtaka matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda í Evrópu, CIAA, í öryggismálum er að finna á vef CIAA á slóðinni: ciaa.be/en/news/congress/congress.html.

Ragnheiður Héðinsdóttir



„Evrópa hefur ekki efni á mistökum í Nice“

Formannaráð UNICE kom saman til fundar í París hinn fyrsta desember sl. Í yfirlýsingu, sem formenn þrjátíu og fjögurra aðildarsambanda sendu leiðtogum Evrópusambandsins, í tilefni af fundi þeirra í Nice en hann fór fram fyrir í þessum mánuði, segir að Evrópa hafi ekki efni á mistökum.

Formennirnir samþykktu nokkrar ályktanir er lúta að forgangsmálum á óskalista evrópskra fyrirtækja í tilefni af fundinum. Þar hvetja þeir m.a. til þess að haldið verði áfram viðræðum um stækkun sambandsins og telja umbætur á stofnunum þess séu algerar forsendur fyrir því að stækkun þess gangi snurðulaust fyrir sig.

Þá tekur formannafundur UNICE sterklega undir tillögu leiðtoga Evrópusambandsins frá í vor um að komið verði á fót samræmdu evrópsku einkaleyfi og telja að það veiki mjög samkeppnisstöðu og hamli þróun nýjunga í sambandsríkjunum að hafa ekki aðgang að slíkri stofnun. Í ályktuninni segir að sambandið megi ekki glata þessu tækifæri og verði að tryggja að nauðsynlegar breytingar á stofnsáttmálanum nái fram að ganga til að af þessu megi verða. Þá skorar formannafundurinn á leiðtoga Evrópusambandsins að sjá til þess að markmið sem þeir settu sl. vor, um að Evrópa verði samkeppnishæfasta efnahagssvæði veraldar og að meira en 70% vinnufærra manna hafi atvinnu, náist en sá góði ásetningur hafi ekki enn orðið að veruleika.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Prentstaður íslenskra bóka

- Íslenskar prentsmiðjur í sókn -

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands á prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2000, sýna m.a. að hlutfall prentunar hérlendis hefur aukist milli ára. Þetta er staðfesting á því að útgefendur eru í ríkari mæli að átta sig á því að íslenskar prentsmiðjur eru ekki aðeins samkeppnishæfar í gæðum heldur og í verði og tæknilegri getu.

Samkvæmt fréttatilkynningu, sem Bókasambandið sendi frá sér 5. desember síðastliðinn, hefur bókatiðlum fjölgað um 23,7% milli ára, voru 455 árið 1999 en eru 563 nú. Hlutfall prentunar hérlendis hefur aukist um 2,4 prósentustig og er 66,6% í ár. Hlutfall prentunar erlendis er því 33,4% í ár en var 35,8% í fyrra og 36,2% 1998. Þetta er ánægjuleg þróun en við samanburð á milli flokka rita kemur í ljós

að prentun innanlands eykst í öllum flokkum nema flokki skáldverka. Væri óskandi að útgefendur skáldverka færu að endurskoða þessi mál og beina prentun sinni til prentsmiðja hér heima en atvagnisvert er að flestar metsöluþækur eru prentaðar hér á landi.

Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim samanburði:

- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 171; 68 (39,8%) prentaðar á Íslandi en 103 (60,2%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 112; 71 (63,4%) prentað á Íslandi en 41 (36,6%) prentað erlendis.
- Fræðibækur, bækur almenns efnis, ljósmyndir og listir eru alls 143; 124 (86,7%) eru prentaðar á Íslandi en 19 (13,3%) prentaðar erlendis.
- Ljóð, ævisögur, handbækur, héraðslýsingar, saga og ætt-

fræði eru alls 137; 112 (81,8%) prentaðar á Íslandi en 25 (18,2%) prentaðar erlendis.

Að Bókasambandi Íslands standa eftirfarandi aðildar:

- Bókavarðafélag Íslands
- Félag bókagerðarmanna
- Félags íslenskra bókaútgefenda
- Hagþenkir
- Rithöfundasamband Íslands
- Samtök gagnrýnenda
- Samtök iðnaðarins

Frekari upplýsingar veita, Anna Elín formaður Bókasambands Íslands í síma 515 9114 og Georg Páll Skúlason Félagi bókagerðarmanna í síma 552 8755.

Sjá nánar frétt á vefsetri Samtakanna (si.is) frá 7. desember. Þar má m.a. sjá lista yfir fjölda bóka prentaðra í hverju landi.

Haraldur Dean Nelson



Smeltu þér í tæknisamstarf
EVRÓPUMIÐSTÖÐ IMPRU

Ný heimasíða evrópumiðstöðvar Impru

www.evropumidstod.is

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra opnaði nýja heimasíðu og samstarfsmiðlun Evrópumiðstöðvar Impru í Listasafni Reykjavíkur 30. nóvember sl.

Evrópumiðstöð Impru er hluti af samstarfsneti 68 miðstöðva sem starfa á vegum Nýsköpunaráætlunar Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Samstarfsnetið, sem á ensku nefnist „Innovation Relay

Centre Network,” starfar í 30 Evrópulöndum og er markmið þess að efla samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja með aðgerðum til nýsköpunar og tæknisamstarfs. Samstarfsnetið er nú leiðandi aðili í Evrópu við að koma á samstarfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Evrópumiðstöð Impru þjónar sérstaklega íslenskum fyrirtækjum sem vinna að tækniþróun og vilja annaðhvort koma tæknilausnum á framfæri eða leita nýrra þjónusta

Evrópumiðstöðvar felst í að miðla upplýsingum um nýsköpun og tækniþróun milli íslenskra og evrópskra fyrirtækja og aðstoða fyrirtæki við að koma á samstarfi milli þeirra á sviði tækni- og vöruþróunar.

Starfsfólk Evrópumiðstöðvar veitir einnig upplýsingar um ýmsa þjónustu ESB í tengslum við fjármögnun til nýsköpunarverkefna og einkaleyfa og verndun hugverka.

Sjá nánar frétt á vefsetri Samtakanna (si.is) frá 4. desember.

Stefnumótun prentiðnaðar

Vinnufundur um framtíðarsýn og stefnumótun

Á fundi í starfsgreinahópi Samtaka iðnaðarins í prentiðnaði var ákveðið að standa að verkefni um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkun fyrir greinina.

Í þessu verkefni er stuðst við aðferðafræði sem þróuð hefur verið hjá SI og notuð bæði við stefnumörkun Samtakanna í heild svo og einstakra starfsgreina. Tekið er mið af að sá tími, sem þátttakendur hafa til ráðstöfunar, er takmarkaður þannig að ferlið þarf að vera í senn fljótvirkt og mjög skilvirkt. Byrjað er á vinnufundi sem stendur frá hádegis til hádegis næsta dag. Á þeim tíma fer fram meginhluti hugmyndavinnunnar og að þeim fundi loknum liggur fyrir skýr framtíðarsýn og forsendur fyrir því að hún geti orðið að veruleika. Þá eru skilgreindar þær aðgerðir og þau verkefni sem skilað geta greininni inn í þessa framtíð og þeim er forgangsraðað eftir vel skilgreindum matsaðferðum.

Stefnumótunin fer fram á Hótel Keflavík dagana 18.-19. janúar næstkomandi. Hugsanlegt er að fyrirtæki geti sent fleiri en einn fulltrúa. Verð á þátttakanda er 5.800. kr., með gistingu og morgunverði. Ekki er krafist sérstaks undirbúnings af hálfu þátttakanda en gott væri að þeir hefðu hugleitt þau markmið, forsendur og aðgerðir sem þeir vilja koma á framfæri á fundinum.

Þegar staðfesting á þátttöku liggur fyrir fá menn send önnur fundargögn og nánari lýsingu á framkvæmd.

Í stefnumótun af þessu tagi er brýnt að sem flestar raddir heyrast og því eru allir, sem áhuga hafa að taka þátt í henni, beðnir að hafa samband við skrifstofu Samtaka iðnaðarins í síma 511 5555 (fax 511 5566) eða á netfangið mottaka@si.is. Einnig eru ábendingar um þátttakendur vel þegnar. Upplýsingar um fundinn má einnig finna á vefsetri Samtakanna si.is.

Haraldur Dean Nelson

Dagskrá stefnumótunarfundar

Fimmtudagur 18. janúar

- 12:00-12:45 Mæting, skráning í herbergi.
- 12:45-13:00 Inngangur og kynning á vinnugangi.
- 13:00-15:30 Hugmyndaregn um framtíðarsýn og afgerandi árangursþætti.
- 15:30-15:45 Kaffihlé.
- 15:45-18:30 Úrvinnsla vinnuhópa, lýsing á framtíðarsýn, greining megin markmiða og afgerandi árangursþátta.
- 18:30-20:00 Hlé.
- 20:00-21:30 Kvöldverður.
- 21:30-22:30 Niðurstöður hópa kynntar og umræður.
- 22:30-24:00 Óformlegar umræður.

Föstudagur 19. janúar

- 07:45-08:15 Morgunverður.
- 08:15-10:30 Hugmyndaregn um skilgreiningu verkefna/aðgerða.
- 10:30-10:45 Kaffihlé og losun herbergja.
- 10:45-12:15 Forgangsröðun verkefna/aðgerða í vinnuhópum.
- 12:15-12:45 Léttur hádegisverður.
- 12:45-13:15 Niðurstöður, framhald, fundarlok og brottför.



Bakarar efna til samkeppni um Köku ársins

Landssamband bakameistara efnir til samkeppni meðal félagsmanna sinna og starfsmanna þeirra um köku ársins 2001.

Keppnin felst í því að baka einfalda, bragðgóða og fallega köku úr tiltölulega ódýrum og auðfengnum hráefnum þannig að auðvelt sé að framleiða hana í hvaða bakaríi sem er. Keppendur eiga að skila kökunni, ásamt uppskrift, inn undir dulnefni

og verður skipuð dómnefnd til að velja úr eina köku sem þykir bera af öðrum. Sú hin sama hlýtur nafnbótina kaka ársins og verður kynnt í öllum aðildarbakaríum LABAK á konudaginn, 18. febrúar á næsta ári. Landssamband bakameistara hvetur félagsmenn sína og bakara í þeirra þjónustu til að taka þátt í keppninni. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir á skrifstofu SSI í síma: 511 5555.





Aukin endurnýting og endurvinnsla

Nýlega héldu Samtök iðnaðarins opinn félagsfund um tillögur starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði í ársbyrjun um endurnýtingu úrgangs. Starfshópin, sem gengur undir nafninu Stenúr, skipa fulltrúar frá ríki, sveitarfélögum, atvinnulífinu og frjálsum félagasamtökum. Formaður Stenúr er Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur en hann er jafnframt formaður Spilliefnanefndar.

FJÖLÞÆTT HLUTVERK

Hlutverk nefndarinnar var að kortleggja alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði og gera tillögur um aðgerðir til að stuðla að aukinni flokkun og endurnýtingu úrgangsefna. Ennfremur var nefndinni gert að kanna hvort og hvernig beita megi hagrænum hvötum til að ná settum markmiðum. Síðast en ekki síst var starfshópinum falið að semja drög að löggjöf sem tekur til myndunar, endurnýtingar og förgunar úrgangs ef hann teldi þörf á henni.

AUKNAR KRÖFUR UM ENDURNÝTINGU

Ólafur Kjartansson, verkfræðingur og starfsmaður SI, hélt framsögu um tillögur Stenúr. Hann lét þess m.a. getið í inngangi að kröfur um endurnýtingu úrgangs hefðu aukist mjög á undanförunum árum og Íslendingar ættu langt í land með að uppfylla kröfur sem gerðar eru á því sviði. Evrópu-reglugerð um umbúðir og umbúðaúrgang, kveður á um að markmið um endurvinnslu og endurnýtingu, eigi að hafa náðst fyrir mitt næsta ár. Urðun hjólbarða verður bönnuð árið 2003 en með undantekningum til ársins 2006.

Þá er unnið að tilskipun um ökutæki og endurnýtingu þeirra og gert ráð fyrir að komið verði á endurnýtingakerfi á næsta ári. Þar að auki fellur til mikill rafeinda- og raftækjaúrgangur sem eykst hröðum skrefum líkt og annar úrgangur. Sem dæmi má nefna að frá árinu 1992 til ársins 1998 jókst úrgangur sem til fellur hér á landi samtals um 13 af hundruði og helst mjög í hendur við aukin umsvif í þjóðféluginu.



Hræfni, sem streyma inn í hringrásina, koma frá mörgum óendurnýjanlegum auðlindum. Stefnir er að því að minnka það sem streymir inn í hringrásina með því að draga úr því sem streymir út. Myndin hér að ofan lýsir hringrás vöru frá framleiðslu til notkunar og þaðan í endurnýtingu sem lokar hringnum.

HVAÐ KOSTAR RÁÐSTÖFUN ÚRGANGS OG HVER BORGAR?

Stenúrnefndin hefur lagt mat á magn úrgangs, hvar hann fellur til og hvernig honum er ráðstafað og fyrir liggur skýrsla um alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði.

Í frumvarpsdrögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að í upphafi verði tekið á umbúðum, hjólbörðum og ökutækjum og vinnuvélum. Gert er ráð fyrir gjaldi, svonefndu úrvinnslugjaldi, sem heimilt verður að leggja á ofangreindar vörur þegar þær eru fluttar inn eða framleiddar innanlands og er varlega áætlað að gjaldið nemi samtals hálfum til einum milljarði. Úrvinnslunefnd, sem skipuð verður fulltrúum frá umhverfisráðuneyti, sveitarfélögum og ýmissa samtaka atvinnulífsins, mun fara með framkvæmd málsins. Gert er ráð fyrir að hún verði sú sama og fer með ráðstöfun spilliefnagjalds.

Ef frumvarpið verður að lögum kemur það í hlut úrvinnslunefndar að útfæra kerfið og reikna nákvæmlega útkostnað. Úrvinnslugjald er þjónustugjald sem þýðir að vörur, sem fluttar eru út, verða undanþegnar gjaldinu með einu eða öðru móti. Gjaldið verður notað til að greiða fyrir söfnun,



flutning, flokkun, endurnýtingu eða endurvinnslu með eða án skilagjalds. Samkvæmt frumvarpsdrögum verður tekjum og gjöldum haldið aðskildum, þ.e. þau eiga að standast á innan flokka. Þannig verður gjald sem innheimt verður af hjólbörðum ekki notað til að greiða fyrir endurnýtingu umbúða og öfugt. Einstakir verkþættir verða boðnir út þegar það er unnt. Myndin hér að ofan lýsir hugmyndum sem fram koma í frumvarpsdrögum.

FRJÁLSIR SAMNINGAR

Samkvæmt frumvarpsdrögum Stenúrnefndarinnar verður fyrirtækjum og atvinnugreinum heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og ná þannig settum markmiðum. Ef ráðherra staðfestir slíka samninga verða þær vörur, sem undir þá falla, undanþegnar gjaldtöku. Frumvarpsdrögin endurspeglar í raun eins konar frjálsa samninga þar sem ríkið aðstoðar við að tryggja fjármögnun.

Markmið er að 25-45% allra umbúða verði endurunnið en þó ekki minna en 15% í hverjum umbúðaflokki og að endurnýting, þar með talin orkuvinnsla, verði 50 til 65%. Árið 1995 nam úrgangur vegna umbúða tæplega 60 þúsund tonnum og þar af voru 20% endurnýtt svo að ætla má að enn sé langt í land.

Stenúr skilar af sér drögum að frumvarpi um úrvinnslugjald og tilheyrandi gögnum til ráðherra áður en langt um líður.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Nýtt einkaleyfiskerfi í ESB?

Leiðtogar Evrópusambandsins ákváðu á fundi sínum í Lissabon í mars sl. að komið yrði á fót sameiginlegu kerfi fyrir einkaleyfi innan sambandsins.

Til stóð að taka tillögu þeirra til afgreiðslu á leiðtogafundi ESB sem haldinn var í Nice fyrr í þessum mánuði en ekki er vitað um niðurstöðu málsins á þessu stigi.


Umræðan um slíkt einkaleyfi er þó ekki ný af nálinni því að fyrst var hreyft við hugmyndum í þá veru á sjöunda áratugnum. Sáttmáli þar að lútandi var undirritaður árið 1975 og endurskoðaður 1989 en hefur aldrei komist í framkvæmd. Talið er að nú sé orðið mjög aðkallandi að koma á slíkri samræmingu og að án hennar verði aðildarríkin undir í samkeppninni um eignarrétt á nýsköpun sem byggist á uppfinningum. UNICE, samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda, telja mjög bagalegt að Evrópusambandið skuli ekki hafa komið á samræmdu einkaleyfiskerfi. Það hafi staðið í vegi fyrir þróun nýjunga í Evrópu og að ótryggt lagalegt umhverfi og mikinn kostnað við öflun einkaleyfa megi rekja til þess.

Þessi tillaga kæmi, a.m.k. til að byrja með, til viðbótar hinu hefðbundna landsbundna einkaleyfi þar sem sótt er um einkaleyfi til þar til bærra yfirvalda í hverju landi fyrir sig en auk þess er í gildi sáttmáli um Evrópu einkaleyfi (European Patent Convention) frá 1973 þar sem sótt er um einkaleyfi á einum stað og leyfið gefið út í allt að 19 löndum sem eiga beina eða óbeina aðild en staðfesta þarf síðan einkaleyfið í hverju landi fyrir sig. Í báðum þessum kerfum þarf að þýða einkaleyfin á mál allra þeirra landa þar sem einkaleyfið á að gilda. Þótt einkaleyfi, sem Evrópska einkaleyfastofnunin (EPO) veitir, séu viðurkennd í öllum ríkjum ESB er ekki tryggt að mál sem

rísa vegna brota á þeim hljóti sömu meðferð fyrir dómstólum í öllum ríkjum ESB. Þess vegna hefur mikil áhersla verið lögð á að stofnaður verði sérstakur dómstóll til að skera úr um mál af því tagi.

GÓÐAR VIÐTÖKUR

Tillagan um Evrópusambands einkaleyfi (eða samræmt evrópskt einkaleyfi) hlaut mjög góðar viðtökur bæði innan EFTA og hjá UNICE sem styðja hana heils hugar. Þau telja að Evrópu-



sambands einkaleyfi, ef til kemur, muni hleypa nýju lífi í evrópskar rannsóknir og að tækni- og vísindapekking eigi eftir að blómstra í skjóli þess og hafa mikil og góð áhrif á viðskipti. UNICE líta svo á að verði tillaga framkvæmdastjórnar ESB að veruleika muni draga mjög úr kostnaði við öflun einkaleyfa í Evrópu og einfalda mála- rekstur vegna brota á þeim en í tillög- unni er tekið á þessu hvoru tveggja.

VONBRIGÐI

Flest bendir nú til þess að ekkert

verði úr hinum fögru fyrirheitum varðandi þetta þjóðþrifamál. Það er einkum tvennt sem virðist spilla framgangi málsins:

Í fyrsta lagi, eigi Evrópusambands einkaleyfi að verða að veruleika á næsta ári eins og stefnt var að, þarf að breyta ákvæðum í Evrópusáttmálanum (Rómarsamningnum) vegna stofnunar sérstaks dómstóls til að fjalla um ágreiningsmál, sem kunna að rísa, tengd brotum á einkaleyfum og aðildarríkin eru ekki sammála um nauðsyn þess að koma slíkum dómstól á fót. Danir treysta sér t.d. ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram yrði að fara í Danmörku vegna slíkra breytinga en full- yrt er að án dómstólsins komi samræmt einkaleyfi ekki að fullum notum.

Í öðru lagi hefur engin umræða átt sér stað um tungumál sem er ein af forsendum þess að hagræði samræmds evrópsks einkaleyfis skili sér í lægri þýðingarkostnaði og minna umstangi. Eins og reglum er nú háttað þarf sá sem sækir um einkaleyfi að láta þýða umsóknina á 11 tungumál ef leyfið á að öðlast gildi í öllum aðildarlöndum Evrópusambandsins.

Stjórn UNICE hefur haft nokkrar áhyggjur af því að tillöguna dagi uppi og leggur áherslu á að skýra málin fyrir ríkistjórnnum og embættismönnum heima fyrir til að tryggja meiri skilning í næstu lotu og hvetja aðildarríkin mjög til að láta verkin tala. Þau megi ekki láta það tækifæri sér úr greipum ganga að veita evrópskum fyrirtækjum sams konar stuðning við nýjungar og helstu keppinautar þeirra í Bandaríkjunum og Japan njóta nú þegar hvað einkaleyfi varðar.

HVER ER STAÐA ÍSLANDS?

Gunnar Guttormsson, forstjóri Einkaleyfastofunnar, segir að spurn-

Framhald á næstu síðu



ingin um hugsanleg tengsl Íslands við Evrópusáttmálann um einkaleyfi (EPC) og þar með Evrópsku einkaleyfastofnunina (EPO) sé ekki nýtilkomin. Forsaga málsins og þeirrar umræðu, sem nú stendur yfir, sé allflókin.

AÐILD AÐ EINKALEYFASAMNINGI ESB VARLA Á DAGSKRÁ

Þegar talað er um hugsanlega aðild Íslands að einkaleyfakerfi Evrópu segir Gunnar að ekki megi rugla saman samningaumleitunum Evrópusambandsins varðandi CPC - samninginn og Evrópusáttmálanum um einkaleyfi. Ástæðan er ekki síst sú að í samningsdrögum ESB hafi frá upphafi verið gert ráð fyrir miðstýrðu einkaleyfakerfi bæði varðandi alla meðferð einkaleyfisumsókna og veitt einkaleyfi. Það sé ekki síst ákvæði um framsal dómsvalds sem hljóti að gera þennan samning óaðgengilegan fyrir Ísland. Ef Ísland á, „að bestu manna yfirsýn,“ samleið með ríkjum Evrópu í einkaleyfamálum þá væri það gegnum samstarf við Evrópsku Einkaleyfastofnunina sem fer með framkvæmd EPC - samningsins „en í þessum efnum má ekki flana að neinu,“ segir Gunnar. Hann telur skynsamlegt að byggja allar ákvarðanir í þessum efnum á vandaðri úttekt þar sem metnir verða kostir og gallar EPC - samningsins. „Annars vegar þarf að líta til hagsmuna atvinnulífsins og þeirra sem sækja um einkaleyfi hér á landi og hins vegar til hagsmuna samfélagsins og almannahagsmuna,“ segir Gunnar. „Einkaleyfastofan er þjónustustofnun fyrir þessa aðila og frá sjónarhóli hennar er nauðsynlegt að einkaleyfayfirvöld endurmeti reglulega, m.a. í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi, hvernig best sé að haga framkvæmd einkaleyfamála hér á landi.“

ATVINNULÍFIÐ ÞARF EINNIG AÐ LÁTA TIL SÍN TAKA

Gunnar telur mjög jákvætt og nauðsynlegt að þessi mál séu rædd innan samtaka atvinnulífsins. Á það verði síðan að reyna hvort stefna samtakanna og viðhorf aðila innan stjórnkerfisins fari saman. Það sé svo löggjafans að móta hugsanlegar breytingar á einkaleyfislögum. Nefnd, sem iðnaðarráðherra skipaði fyrir tveimur árum og fjallaði um hvernig Íslendingar gætu hagnýtt sér alþjóðlegt verndar-

kerfi hugverka og þá sérstaklega varðandi einkaleyfi, skilaði álit á síðasta ári. Gunnar telur að nú sé röðin komin að samtökum í atvinnulífinu en þau hafi því miður ekki látið hugverkaréttindi til sín taka sem skyldi.

ÓHAGSTÆÐUR SAMANBURÐUR

Í greinargerð nefndarinnar kemur m.a. fram að umsóknir um einkaleyfi á Íslandi hafi verið fáar miðað við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Einkaleyfisumsóknir Íslendinga hafi verið 20 til 30 á árunum 1980 til 1994 eða rúmlega 20% allra einkaleyfisumsókna hér á landi en þeim hafi fjölgað verulega frá 1995. Um það bil tvö einkaleyfi haf verið veitt íslenskum aðilum á ári. Sé borinn saman fjöldi umsókna og veittra einkaleyfa til Íslendinga og annarra þjóða, miðað við höfðatölu, kemur í ljós að Íslendingar sækja tíu sinnum sjaldnar um einkaleyfi og fá 30 sinnum færri einkaleyfi en þær þjóðir sem við berum okkur oftast saman við.

HAFIN VERÐI UMRÆÐA HÉR Á LANDI

Gunnar Örn Harðarson, sérfræðingur í einkaleyfamálum hjá Einkaleyfa- og vörumerkjastofu A&P, var formaður nefndar þeirrar sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði á sínum tíma og áður er vitnað til. Hann segist ekki vita til þess að Íslendingum standi til boða að eiga aðgang að einkaleyfiskerfi ESB ef það á eftir að verða að veruleika. Hann telur engu að síður að það þjóni hagsmunum íslensks atvinnulífs að hafin verði umræða um þessi mál hér á landi, þ.á.m. um möguleika á að Ísland gerist sem fyrst aðili að því kerfi sem nú þegar er í gildi um veitingu Evrópueinkaleyfa þ.e. Evrópsku einkaleyfastofnuninni í München. „Samhliða því leggjum við okkar af mörkum til lækkunar kostnaðar og breytum fáránlegum kröfum sem hér eru í gildi um þýðingar til samræmis við það sem nú er að gerast víða í Evrópu og fólgnar eru í að dregið verði úr kröfum um þýðingar einkaleyfa á þjóðtungur viðkomandi landa,“ segir Gunnar Örn.

AUKIÐ HAGRÆÐI OG MINNI KOSTNAÐUR

Meginröksemdin fyrir aðildinni, að mati Gunnars Arnar, er aukið hagræði og kostnaðarlækkun fyrir íslenska um-

sækjendur einkaleyfa. Með aðild, þar sem Einkaleyfastofan stæði t.d. til viðbótar núverandi starfsemi og hlutverki sem framlengd þjónustuskristofa Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar, megi auðveldlega sjá fyrir þátt hennar í stóraukinni tæknifyrfærslu og ekki síst eflingu vitundar um einkaleyfi. Þannig gæti aðild skapað grundvöll til að styrkja Einkaleyfastofuna til að hún geti enn betur þjónað hagsmunum íslensks atvinnulífs. Á þetta hafi m.a. verið bent í greinargerð nefndarinnar en þar sé lagt til að hugað verði að nýju framtíðarhlutverki stofnunarinnar þar sem tekið verði mið af þeirri þróun sem á sér stað í kringum okkur og horft til þess með hvaða hætti stofnunin geti sem best þjónað íslensku atvinnulífi með sérstöku tilliti til fræðslu og miðlunar upplýsinga. Ennfremur leggur nefndin til að samstarf Einkaleyfastofunnar við EPO - Evrópsku einkaleyfastofnunina - verði skoðað sérstaklega og aðild hennar að þeirri stofnun verði könnuð. Einn möguleiki á slíkri aðild gæti falist í sérhæfingu hér á landi t.d. á einu tæknisviði. Þannig gæti Einkaleyfastofan tekið að sér rannsóknir á sviði fiskvinnslutækni fyrir Evrópsku einkaleyfastofnunina, svo að dæmi sé tekið.

FJÁRMÖGNUN ÍSLENSKRA EINKALEYFIUMSÓKNA

Í lok síðasta árs skipaði iðnaðarráðherra verkefnisstjórn um eflingu vitundar um einkaleyfi. Verkefnisstjórnin fól ýmsum hagsmunaaðilum að fara yfir stöðu mála og kanna grundvöll að samstarfi. Ein þeirra hugmynda, sem kynntar voru, var að stofna fyrirtæki sem hefði það hlutverk að safna og velja úr uppfinningum og hugverkum, aðstoða við gerð og fjármögnun umsókna um einkaleyfi og útvega aðila til að markaðssetja og fjármagna einkaleyfi. Slíkt fyrirtæki öðlaðist síðan hlut í væntanlegum ágóða af hagnýtingu einkaleyfisins. Nú er unnið að stofnun slíks fyrirtækis með þátttöku samtaka í atvinnulífinu (SI, SA), Háskóla Íslands, Rannís og Nýsköpunarsjóðs.

Sjá nánar frétt á vefsetri Samtakana si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir



Óhæfilegur dráttur rannsóknar

Áfellisdomur yfir lögreglu

Í sumar féll dómur í héraðsdómi Austurlands. Niðurstaða þess dóms varð sú að sýkna málara-meistara af ákæru um iðnlagabrot vegna þess að kröfur á hendur honum voru fyrndar en með-ákærða, sem var sveinn í mál-araiðn, var ekki dæmd nein refs-ing þar sem rannsókn málsins hafði dregist óhæfilega miðað við umfang málsins og var það ekki á neinn hátt sök ákærðu. Þessi dráttur á rannsókninni varð hvorki útskýrður né réttlættur með neinum hætti.

Ákærðir voru Áspór Guðmundson, sem hafði sveinsbréf í mál-araiðn, fyrir að hafa tekið að sér í nafni fyrirtækisins Húsaviðgerða ehf. störf meistara í málaraíðn og einnig að starfrækja málningarþjón-ustu og taka að sér verk sem teljast til málaraíðnar sem löggiltrar iðngreinar án þess að hafa sjálfur til þess réttindi eða hafa málara-meistara til forstöðu. Magnús Pálsson Sigurðsson, málarameistari var jafnframt ákærður fyrir að hafa stutt Áspór við að halda áfram að taka að sér störf meistara í mál-araiðn án þess að hafa til þess rétt-indi, með því að gefa út í ólög-mæt-um tilgangi yfirlýsingu um að hann sem löggiltur málarameistari taki að sér yfirumsjón með verkum vegna allra málningarframkvæmda á vegum Húsaviðgerða ehf. en Magnús kom aldrei fram fyrir Húsaviðgerðir ehf. sem málara-meistari.


Málavextir voru í stórum drátt-um þeir að kærundur höfðu fengið lagt lögban við starfsemi Húsa-viðgerða ehf. í maí 1996. Lögbannið var byggt á því að Áspór stæði fyrir rekstri fyrirtækisins án tilskilinna

réttinda og réð hann til sín starfs-menn í málningavinnu. Meðan á rekstri staðfestingarmáls lögbanns-ins stóð fyrir héraðsdómi var lögð fram yfirlýsing frá Magnúsi um að hann hefði tekið að sér yfirumsjón og verkstjórn allrar málningar-vinnu á vegum Húsaviðgerða ehf. Var þá fallið frá lögbanninu. Eftir það, sögðu kærundur, sótti allt í sama farið að nýju og ekki urðu menn varir við að Magnús kæmi neitt nálægt yfirumsjón eða verk-stjórn fyrir Húsaviðgerðir ehf. Magnús viðurkenndi reyndar fyrir lögreglu að hann hefði aldrei séð Áspór eða vitað til þess að þeir hefðu nokkru sinni hist. Hann hefði ekki sinnt neinum störfum fyrir Húsaviðgerðir ehf. enda hefðu engin vandræði komið upp á hjá fyrir-tækinu.

Dómarinn komst að þeirri niður-stöðu að báðir ákærðu hefðu gerst brotlegir við iðnaðarlögin. Magnús hefði brotið gegn því ákvæði iðnaðarlaga sem leggur sektir við að leyfa öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns. Áspór hefði brotið gegn ákvæðum um að ekki megi taka að sér störf meistara án rétt-inda til þess og hann hefði rekið löggilta iðngreina án þess að hafa meistara til forstöðu, jafnframt sem Áspór rak iðnað án þess að hafa til þess leyfi.

Hins vegar var brot ákærða Magnúsar fyrnt og því var hann sýknaður, þ.e. of langur tími leið frá því að brotið var framið þar til hann var ákærður. Áspóri var ekki gerð nein refsing þar sem rann-sóknin hafði dregist ótæpilega og þar var eingöngu við rannsókn-araðila að sakast.

Ólafur Helgi Árnason



Bygginga-sýning í Toronto

Í byrjun desember fór undirritaður til Kanada ásamt Kára Arngrímssyni, yfirverkfræðingi hjá Keflavíkurverk-tökum, Hauki Frímanssyni, yfir-verkfræðingi og Sverri Haukssyni hjá Íslenskum aðalverktökum í boði ræðismannsskrifstofu Kanada á Ís-landi.

Tilgangur ferðarinnar var að skoða byggingasýningu og sækja fyrirlestra um byggingarefni í Toronto. Hópnum var einnig boðið að hlýða á lokaðan fyrirlestur sem Staðlaráð Kanada stóð fyrir en hann sem var mjög for-vitnilegur ekki síst vegna þess að þar kom fram mikill áhugi Kanadamanna á Evrópumarkaðinum. Þar kom einnig fram að Kanadamenn leggja mikla áherslu á að ljúka fríverslunarsam-ningi Íslands og Kanada á næsta ári og stefna einnig að því að opna sendiráð hér á landi á næsta ári sem mun auð-velda mjög öll viðskipti milli land-anna. Að mati undirritaðs felast mikl-ir möguleikar í innflutningi frá Kanada fyrir byggingageirann og eru bygg-ingamenn hvattir til að setja það í samhengi við fyrirhugaða ferð til Las Vegas í febrúar nk. þar sem mörg bandarísk fyrirtæki eru með útibú í Kanada.

Guðmundur Þór Sigurðsson





europa's 500

published by Growth Plus Europe

Við leitum að ört vaxandi íslenskum fyrirtækjum sem vilja samanburð og viðurkenningu á alþjóðavettvangi

**Vex fyrirtæki þitt hraðar en keppinautanna?
Er samanburður við aðra þér að skapi?
Stenst fyrirtæki þitt gagnrýna skoðun?**

Ef svo er gæti þitt fyrirtæki verið í hópi 500 framsæknum frumkvöðlafyrirtækja í Evrópu.

Vilt þú njóta opinberrar viðurkenningar sem einn af helstu frumkvöðlum í Evrópu?

Samtök iðnaðarins, iðnaðarráðuneytið og European Unlimited & Growth Plus efna á ný til samvinnu um aðild Íslands að Europe's 500 og er undirbúningur hafinn að gerð fyrirtækjalista fyrir árið 2000.

Hverjir geta verið með?

Fyrirtæki úr öllum atvinnugreinum koma til álitu. Skilyrði er að fyrirtækið vaxi hratt, hafi minnst 50 starfsmenn og að frumkvöðullinn taki virkan þátt í rekstrinum.

Hvaða íslensk fyrirtæki hafa náð á listann?
OZ.com, Tæknival ehf., Atlanta ehf., Tölvumyndir hf., Landsteinar International ehf., Hugvit hf., NTC hf., Nóatún ehf., Vöruveltan hf., Össur hf. og Samherji hf. eru meðal fyrirtækja sem náð hafa þeim árangri að komast á Europe's 500 listann.

Þátttökuskilyrði í hnotskurn:

Eignarhluti frumkvöðuls:	Minnst 15% í óskráðu fyrirtæki en 5% í skráðu fyrirtæki.
Sjálfstæði:	Hvorki útibú né dótturfélag annars fyrirtækis, þ.e. enginn hluthafi má eiga meira en 50%.
Umsvif:	Umtalsverð velta og vöxtur tekna minnst 50% á síðustu 3 árum.
Vöxtur:	Eigin vöxtur en ekki tilkominn vegna kaupa á öðrum félögum.
Arðsemi:	Góðri arðsemi þegar náð eða hún í sjónmáli.
Starfsmannafjöldi:	Minnst 50 starfsmenn.
Aldur fyrirtækis:	Minnst þriggja ára.
Tegund fyrirtækis:	Úr öllum atvinnugreinum, jafnt skráð sem óskráð fyrirtæki.

Hvernig á að taka þátt?

Ábendingar um fyrirtæki, sem uppfylla þátttökuskilyrði, þarf að senda undirrituðum fyrir 1. feb. nk.

Nánari upplýsingar:
Europe's 500 Listing
Project Team
Ellen A. Heinrich
Sími +32 2 644 6580
Fax +32 2 644 6581
e500@e-unlimited.com

Samtök iðnaðarins
Jón Steindór Valdimarsson
jon@si.is

Iðnaðarráðuneytið
Anna Sigurborg Ólafsdóttir
anna.s.olafsdottir@ivr.stjr.is

